

Alþingi
Erindi nr. P 127/1272
komudagur 15.3.2002



Íslenski Fjallahjólaklúbburinn, Pósthólf 5193, 125 Reykjavík.
Sími / Fax: 562 0099.
Tölvupóstur: ifhk@mmedia.is Heimasíða: www.mmedia.is/ifhk

Reykjavík 28.feb 2002.

Samgöngunefnd Alþingis
Guðmundur Hallvarðsson formaður

Fyrir hönd Íslenska fjallahjólaklúbbsins langar mig til að vita hvar þingsáliktunartillaga um stofnun nefndar um hjólamál mál 248, sem að Ísólfr Gylfi Pálmason og umhverfisnefndi fluttu, er stödd í umræðunni.

Í dag eru engir hjólavegir á Íslandi og eftir nýju Samgönguáætluninni þá verður engin breyting á nema við gerum eitthvað í þeim málum. Þingsáliktunartillagan er þess efnis að stofnuð verði nefnd til að fjalla um hjólamál á Íslandi. Sú nefnd á eftir að skila álit og verða örugglega mörg álitamál þar ekki síst þar sem að hjólaþólk vill koma hjólavega og stíga lagningu undir Vegagerðina sem hluta af heildar samgönguneti .

Er það því eindregin ósk okkar að þessi þingsáliktunartillaga nái fram að ganga svo að hægt sé að skipa nefndina og í framhaldi að því fari eitthvað að gerast. Auðvita hefðum við viljað fá þingsáliktunartillögu sem setti lagningu hjólavega og stíga undir Vegagerðina svo að það væri sjálfsagður hlutur að hjólavegir yrðu hluti að samgöngunetinu því að ef fleiri fara að hjóla í vinnu og hreyfa sig þá er það gott mál fyrir ,Heilbrigðisnefnd,Umhverfisnefnd , Samgöngunefnd og okkur öll sem hér búum.

Einnig sé ég Ísland fyrir mér sem paradís fólks sem leitar út í náttúruna í fríum sínum en lítið hefur verið byggt upp í þeim málum hérlendis og í mörgum tilfellum eru engar merkingar til að benda á góðar leiðir þar sem þær eru til .Ef maður lítur í eigin barm þá eru það skemmtilegustu fríin þar sem að maður leggur eitthvað á sig ,gengur eða hjólar um landið heldur en að hafa upplifunina bara gegnum bilrúðuna.

Með von um að þið í Samgöngunefnd sjáið mikilvægi þessa að eitthvað róttækt gerist í hjólamálum hérlendis. Vona ég að þið finnið þingsáliktunartillöguna í búnkanum og komið hreyfingu á málin fyrir þinglok.

Fyrir hönd
Íslenska fjallahjólaklúbbsins
Alda Jónsdóttir formaður